

**Rafiðnaðarsamband Íslands**  
**50. fundur miðstjórnar haldinn föstudaginn 17. apríl 2015**

Mættir: Kristján Þórður Snæbjarnarson, Jens Heiðar Ragnarsson, Sigurður Sigurðsson, Guðrún Bergþórsdóttir, Eva K Benjamínsdóttir, Sigurjón Ingvarsson, Finnur Víkingsson, Júlía Björg Þórðardóttir, Sighvatur D Sighvatz, Jón Óskar Gunnlaugsson, Svanborg Hilmarsdóttir, Andri Jóhannesson, Eyjólfur Ólafsson, Jakob Tryggvason, Hafliði Sívertsen og Bára Halldórsdóttir sem ritar fundargerð.  
Boðuð forföll: Helgi Jónsson, Ómar Baldursson, Jón Ingi Skúlason.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Kjaraviðræður
  - a. Samninganefnd RSÍ-SA/SART
  - b. RSÍ-SA/SART
  - c. Fyrirtækjasamningur RÚV
  - d. ISAL
  - e. Hagspá ASÍ
3. Þing RSÍ 2015
  - a. Drög að dagskrá
  - b. Drög að ársreikningi
  - c. Drög að skýrslu miðstjórnar
4. Niðurstöður menntaráðstefnu rafiðnaðarins 2014
5. Rafiðnaðarskólinn
  - a. Ársreikningur – Gamli Rafiðnaðarskólinn
  - b. Ársreikningur – Rafiðnaðarskólinn ehf
  - c. Skýrsla stjórnar
  - d. Starfsáætlun 2015
  - e. Fjárhagsáætlun 2015
6. Menntasjóður rafiðnaðarins
  - a. Ársreikningur
  - b. Skýrsla stjórnar MSR
7. Ríkissáttasemjari
8. Aðalfundur Virðingar
9. Ungliðafundur EBTF 2015
10. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Kjaraviðræður:

Kristján hitti Þorstein hjá SA með fulltrúm iðnaðarmannafélaganna. Hann sagði frá hugmyndum um skattabreytingar sem eru upp á borðinu á milli SA og ríkisstjórnarinnar en þær eru mjög óljósar og flóknar. SA menn hafa ekki viljað leggja fram neinar prósentur og myndin því óljós. SA er búið að vísa deilunni til ríkissáttasemjara sem mun þá sjá um að boða fundi.

Samningar hafa náðst innan RÚV en þar var gerður fyrirtækjasamningur sem er skref í rétta átt. Samningurinn byggir á 5. kafla samningi en þetta er víðtækari samningur. Samningurinn hefur sama gildistíma og aðalkjarasamningurinn. Deila ISAL er einnig kominn til ríkissáttasemjara.

Lagður var fram nafnalisti samninganefndar RSÍ-SA/SART (sjá fylgiskjal). Inn koma nýjir menn frá nýrri stjórn FÍR, Jens Heiðar vill draga sig út úr nefndinni. Listinn verður uppfærður.

Eftir á að fá svar frá nýrri stjórn FÍR hvort þeir framselji samningaumboðið til RSÍ.

Hagspá ASÍ er lögð fram sem fylgiskjal.

Fjallað var um samstarf iðnaðarmannafélaganna og væntanlegri auglýsingaherferð vegna atkvæðagreiðslu um verkföll. Búið er að stilla upp auglýsingaherferð og er áætlaður kostnaður upp á um 14 milljónir sem myndi skiptast niður á félögin eftir fjölda. RSÍ myndi taka um 4-5 milljónir af því. Samþykkt var að við greiddum í takt við fjölda félagsmanna og nauðsynlegt væri að auglýsa vel í tengslum við kjaraviðræðurnar.

Sigurður Sigurðsson kvaddi miðstjórn, þakkaði samstarfið og fór eftir 2. lið en þetta var síðasti miðstjórnar hans.

3. Þing RSÍ 2015.

Lögð vöru fram drög að dagskrá þingsins, drög að ársreikningi og drög að skýrslu miðstjórnar. Kristján fór dagskrárdrögin og reikningsdrögin, verða þau unnin áfram. Drögin að dagskrá, reikningum og skýrslu eru fylgiskjöl með fundargerð. Ítrekað er að þetta eru drög og óskað er eftir athugasemdum og ábendingum. Þingvefur er að verða tilbúinn og þingfulltrúar beðnir að hafa með sér tölvur.

4. Niðurstöður menntaráðstefnu rafiðnaðarins 2014.

Menntaráðstefna rafiðnaðarins var haldin í árslok 2014. Helstu niðurstöður eru á fylgiskjali. Kristján bað menn að kynna sér niðurstöðuna.

5. Rafiðnaðarskólinn. Ársfundir nýja og gamla skólans hafa verið haldnir. Meðfylgjandi eru ársreikningar, skýrsla stjórnar, starfs- og fjárhagsáætlun ársins 2015. Menn eru hvattir til að kynna sér þessi gögn.

6. Menntasjóður rafiðnaðarins. Ársfundur hefur verið haldinn. Meðfylgjandi eru ársreikningar og skýrsla stjórnar. Kristján fór yfir sjóðinn, starfsemi hans og bað menn um að kynna sér þetta nánar.

7. Ríkissáttasemjari, Magnús Pétursson mun láta að störfum í júní, ekki er búið að skipa nýjan.

8. Aðalfundur Virðingar verður haldinn þann 29. apríl. RSÍ, FTR og FÍR eiga hlut.

9. Ungliðafundur EBTF 2015 verður haldinn í Króatíu í maí. Evrópusambandið greiðir gistingu og flug þar sem Ísland er umsóknarríki að Evrópusambandinu! Svanborg mun sækja fundinn og RSÍ greiðir væntanlega dagpeninga.

10. Önnur mál

Erindi barst frá nýrri stjórnar FÍR, sjá fylgiskjal. Þetta verður afgreitt innan félagsins og starfsmenn/stjórn munu boða til félagsfundar eftir aðalfund. Með þessu er tryggt að félagsmenn vita af kjöri á þingið og lýðræðið virt. Fundarboðið verður sent út rafrænt og á heimasíðum RSÍ og FÍR.

Þar sem að þetta er síðasti formlegi fundar miðstjórnar var boðið upp á veitingar í lok fundar fyrir fundarmenn og starfsfólk.

Fleira var ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 15:20

Bára Halldórsdóttir